



Þekkingarnet
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2015

ÁSAMT STARFSÁÆTLUN 2016



Febrúar 2016

Febrúar 2015

Dekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Húsnæði Dekkingarnets Þingeyinga á Hafnarstétt 3, Húsavík:

Mynd: Sigfús Sigfússon

Ábyrgð/ritstjórn:

Óli Halldórsson

ISSN: 1670-813X

EFNISYFIRLIT

1	FRÁ FORSTÖÐUMANNI	1
2	STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
2.1	STARFSMANNNAHALD: HELSTU TÖLUR.....	3
2.2	STARFSFÓLK.....	4
2.3	SKIPURIT.....	5
2.4	STJÓRN.....	6
3	HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI	7
3.1	AÐSTAÐA: HELSTU UPPLÝSINGAR.....	7
3.2	STARFSSVÆÐI.....	8
4	SÍMENNTUNARSVIÐ	11
4.1	SÍMENNTUN: HELSTU TÖLUR.....	11
4.2	ÁHERSLUR.....	11
4.3	KYNJAHLUTFALL Í SÍMENNTUN.....	12
4.4	NÁMSLEIÐIR FA.....	14
4.5	ÖNNUR NÁMSKEIÐ.....	14
4.6	ALDUR NÁMSKEIÐSPÁTTAKENDA.....	15
4.7	ÞRÓUNARVINNA, GÆÐAMÁL.....	16
5	NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT	17
5.1	RÁÐGJÖF: HELSTU TÖLUR.....	17
5.2	KYNNINGAR Á VINNUSTÖÐUM.....	17
5.3	KYNNINGAR FYRIR ATVINNULEITENDUR.....	18
5.4	KYNNING Á NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF ÁSAMT KYNNINGU Á NÁMSLEIÐUM FA.....	18
5.5	RÁÐGJÖF FYRIR EINSTAKLINGA SEM KOMA AÐ SJÁFSDÁÐUM.....	18
5.6	RÁÐGJÖF FYRIR EINSTAKLINGA Í ATVINNULEIT.....	18
5.7	NOKKRAR TÖFLUR SEM SÝNA RÁÐGJÖFINA ÁRIÐ 2015.....	19
6	HÁSKÓLANÁMSSVIÐ	20
6.1	HÁSKÓLAÞJÓNUSTA: HELSTU MARKMIÐ.....	20
6.2	NÁMSVER OG ÞJÓNUSTA.....	21
6.3	FJARPRÓF.....	22
7	RANNSÓKNASVIÐ	23
7.1	RANNSÓKNIR: HELSTU MARKMIÐ.....	23
7.2	RANNSÓKNASTARFSEMIN.....	24
7.3	YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI 2015.....	26
8	ÚTGÁFA OG KYNNING	27
8.1	ÚTGEFIÐ EFNI.....	27
8.2	FRAMSÖGUR OG FYRIRLESTRAR.....	27
9	STARFSEMI 2015 Í MYNDUM	29

1 FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Þekkingarnet Þingeyinga hefur nú um allmarga ára skeið starfað á sama grunni. Grunnstarfsemi og skyldur stofnunarinnar byggja á samstarfssamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem fellur að staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar. Starfsemin hverfist um menntastarf í viðum skilningi þess orðs og er í meginatriðum þrjúþætt; háskólanámsþjónusta, símenntun og rannsóknir. Þessir samstarfssamningar við ráðuneytið hafa undanfarin ár haft þriggja ára gildistíma og var undirritaður nýr slíkur samningur í ársbyrjun 2014 sem gildir þá út árið 2016.

Eftirspurn eftir þjónustu stofnunarinnar hefur verið stöðug síðustu misseri og vaxið heldur. Stöðugleiki í rekstri er grundvallaratriði í starfsemi stofnunarinnar til að geta veitt íbúum og fyrirtækjum fasta og tryggja þjónustu og byggt upp traust til starfseminnar. Á liðnu starfsári hefur þó heldur aukist óvissa um fjármögnun grundvallarverkefna Þekkingarnetsins á símenntunarsviði í gegnum verkefni Fræðslusjóðs. Þrátt fyrir mikla eftirspurn og mjög góðan árangur í náms- og starfsráðgjöf hafa verið skornar niður fjárveitingar Þekkingarnetsins til verkefnisins. Sama hefur gerst með fjármögnun Fræðslusjóðs á vottuðum námsleiðum, en hlutur Þekkingarnetsins hefur minnkað og tekjur dregist saman, þrátt fyrir eftirspurn. Á rannsóknasviði hefur verkefnaöflun og fjármögnun verkefna þó gengið betur þó vissulega sé alltaf meiri breytileiki milli ára á því sviði.

Ljóst er að fræðsluaðilar hafa á liðnu rekstarári staðið frammi fyrir aukinni óvissu um framtíðarskipulag framhaldsfræðslukerfisins þar sem þau sjónarmið hafa verið meira til umræðu en áður að dreifa ætti fjármunum Fræðslusjóðs til fleiri aðila en verið hefur. Fræðslusjóður er hreyfiafl ríkisvaldsins í framhaldsfræðslu og grundvöllur þess “skólakerfis” sem byggt hefur verið upp utan um framhaldsfræðslu um land allt. Þetta skólakerfi felur í sér skipulagt netverk takmarkaðs fjölda símenntunarmiðstöðva sem sinna grunnþörfum atvinnulífs og íbúa með svæðisbundnum hætti. Í raun nákvæmlega sama grunnskipulag og með leik-, grunn- og framhaldsskólakerfin, sem öll byggja á vottuðum menntastofnunum sem fara með framkvæmd. Óvissa um úthlutun og skiptingu fjármuna úr Fræðslusjóði til þessara fræðsluaðila skapar óvissu um framhaldsfræðslukerfið í heild. Þetta yfirfærir með beinum hætti á rekstrargrundvöll símenntunarsviðs Þekkingarnetsins. Það er mat undirritaðs að mjög mikið hagsmunamál sé fyrir atvinnulíf og íbúa í Þingeyjarsýslum að það takist að standa vörð um meginstöðir framhaldsfræðslukerfisins. Fjármagni kerfisins verður að halda innan þessa kerfis fræðsluaðila á landinu og það kerfi þróað áfram.

Fjárhagslegur rekstur var þungur á árinu 2015 og nokkurt tap á rekstri. Þetta skýrist að miklu leyti af því að megintekjustofnanir hafa dregist saman fremur en hitt á meðan kjarasamningsbundnar launahækkningar hafa orðið töluverðar eins og víða í atvinnulífinu. Stofnunin ber þó sem fyrr engar skuldir og stendur styrkum fótum, þó ljóst sé að breytingar þurfi að verða á árinu 2016 á tekju- og/eða útgjaldaliðum til að geta haldið óbreyttri þjónustu.



Óli Halldórsson, Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga

Þessi skýrsla er í senn ársskýrsla rekstrarársins 2015 og starfsáætlun fyrir árið 2016. Í hverjum meginkafli er, auk almennrar umfjöllunar um starfsemi liðins árs, að finna markmið í starfseminni fyrir komandi ár.

2 STJÓRN OG STARFSFÓLK

2.1 Starfsmannahald: Helstu tölur

Starfsmannahald	Áætlun 2015	Niðurstaða 2015	Áætlun 2016?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	8,0	8,0	7,5
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	1,5	2,2	1,5
Stöðugildi verktaka við tímabundin rannsóknaverkefni	0,5	0	0,5
Alls stöðugildi:	10,0	10,2	9,5
Stjórn og skipurit			
	2015		Áætlun 2016?
Mannabreytingar í stjórn	Engar breytingar á stjórn		Endurnýjun tilnefninga á árinu
Breytingar á skipuriti/stjórnun	Engar breytingar á skipuriti		Engar fyrirséðar breytingar
Skýringar			
<p>Á árinu 2015 voru ársverk með áþekktum hætti og verið hefur undanfarin misseri og eftir því sem áætlun gerði ráð fyrir. Á árinu 2016 er, að óbreyttu, gert ráð fyrir einhverjum samdrætti í starfsmannahaldi. Það er alltaf breytilegt milli ára hvert fyrirkomulag ráðninga sumarstarfsfólks er, þ.e. hvort þeir eru ráðnir sem launþegar eða verktakar. Eins er kennsla starfsfólks á námskeiðum mismikil milli ára og fer eftir námsframboði og eftirspurn hverju sinni.</p>			

Á árinu 2015 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls 10,2 stöðugildi. Þar af voru 12 launþegar á skrá yfir árið í samtals 8,0 stöðugildum. Utan fastra heilsársstarfsmanna var nokkuð um tímabundin verkefni við rannsóknaverkefni og námskeiðakennslu, eða alls 2,2 stöðugildi.

2.2 Starfsfólk

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga á launaskrá í árslok 2015:

 <p>Óli Halldórsson Forstöðumaður (100%) MA umhverfisfr., BA heimspeki, frhsk.kennari</p>	 <p>Erla Dögg Ásgeirsdóttir Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri á símenntunarsviði (100%) BA uppeldisfræði, M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf</p>
 <p>Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Skrifstofustjóri (100%) Skrifstofustjóri/skólaritari frá V.Í.</p>	 <p>Gréta Bergrún Jóhannesdóttir Verkefnastjóri Þórshöfn Rannsóknasvið (100%) MA kynjafræði, BA fjölmiðlafræði</p>
 <p>Heiðrún Óladóttir Verkefnastjóri Þórshöfn Símenntun (60%) BEd kennari</p>	 <p>Helena Eydís Ingólfssdóttir Verkefnastjóri rannsókn- og símenntunarsvið (100%) BEd kennari, MPA nemi í opinberri stjórnsýslu</p>
 <p>Hilmar Valur Gunnarsson Verkefnisstjóri á símenntunarsviði (100%) Afleysing v. fæðingarorlofs BA félagsráðgjöf</p>	 <p>Dagbjört Erla Gunnarsdóttir Húsumsjón og ræstingar á Húsavík (40%) MA og BEd kennslufræði</p>
 <p>Maren Óla Hjaltadóttir Húsumsjón og ræstingar í Menntasetrinu á Þórshöfn (20%)</p>	


Eftirtaldir starfsmenn voru á launaskrá hjá stofnuninni hluta árs 2015:

- Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir Sumarrannsóknastörf og húsumsjón (lét af störfum)
- Guðmundur Friðbjarnarson Sumarrannsóknastörf
- Birna Ásgeirsdóttir Sumarrannsóknastörf

Auk framangreindra kom nokkur fjöldi fólks til verktakakennslu á námskeiðum og námsleiðum eins og vant er.

2.3 Skipurit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Á árinu 2015 var unnið eftir starfslýsingum og vinnulagi “teymisvinnu” á fagsviðum sem innleidd hafði verið árið áður. Með þessum hætti voru skildreind teymi utan um vinnu hvers fagsviðs og starfsmenn komu því í flestum tilvikum að vinnu á fleiri en einu sviði.



2.4 Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn (síðast árið 2014). Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Breytingar á stjórn á árinu 2015 urðu þær að í stað Erlu Sigurðardóttur, sem tilnefnd var af Norðurþingi, kom Jón Höskuldsson. Á árinu 2016 verður tilnefnt til stjórnarsetu til næstu tveggja ára.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2015:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	• <i>Reinhard Reynisson</i>
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	• <i>Ingólfur Freysson</i>
Háskóli Íslands:	• <i>Rögnvaldur Ólafsson</i>
Háskólinn á Akureyri:	• <i>Rannveig Björnsdóttir</i>
Héraðsnefnd Þingeyinga:	• <i>Sigurður Þór Guðmundsson</i>
Norðurþing:	• <i>Jón Höskuldsson</i>
Rannsóknastofnanir:	• <i>Margrét Hólm Valsdóttir</i>
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	• <i>Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)</i>

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2015:

- *Aðalsteinn Árni Baldursson*
- *Jón Höskuldsson*
- *Reinhard Reynisson*

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar sex sinnum á árinu 2015 og framkvæmdaráð þrisvar sinnum. Alls voru því haldnir níu fundir í stjórn og framkvæmdaráði.

3 HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

3.1 Aðstaða: Helstu upplýsingar

Húsnæði ÞÞ		2015	Markmið 2016
Staður	Hús	Aðstaða	
Húsavík	Hafnarstétt 3 Skólahúsnæði og stakir salir (s.s. stofur Framhaldsskólans á Húsavík)	400 fm aðalhúsnæði ÞÞ. Skrifstofuaðstaða fyrir um 15, námsver, 3 kennslu- og fundarými, 3 fjarfundabúnaðir. Kennslu- og fyrirlestraaðstaða leigð í tímavís eftir þörfum	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Óbreytt fyrirkomulag. Kennslurými leigt eftir þörfum undir kennslu þegar eigið rými er fullnýtt.
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1	Um 200 fm húsnæði deilt með Frhsk. á Laugum. Skrifstofurými, námsver, kennslurými, 3 fjarfundabúnaðir.	Óbreytt húsnæði.
Raufarhöfn	„Ráðhúsið“ á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftöku aðstaða, nettenging og lesrými.	Aðstaða og þjónusta endurskoðuð í samráði við heimafólk á Raufarhöfn, m.a. út frá kostum/göllum þess að hýsa námsver í grunnskólanum á staðnum
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftöku aðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða.
Laugar	Urðarbrunnur, við Kvinnaskólann á Laugum.	Fjarfunda- og próftöku aðstaða, nettenging og lesrými. Samningur við Urðarbrunn um aðstöðu og þjónustu.	Námsver færð í annað húsnæði. Samstarf við Þingeyjarsveit og Seiglu-þekkingarsetur.
Bárðardalur	Kiðagil skólabúðir	Fjarfunda-, og próftöku aðstaða og nettenging.	Óbreytt húsnæði og aðstaða.
Mývatnssveit	Grunnskólinn í Reykjahlíð	Fjarnámsaðstaða lögð af í grunnskólanum í Reykjahlíð. Unnið að verkefni um stofnun þekkingarseturs í Mývatnssveit	Áfram verði unnið að bættri aðstöðu til náms í Mývatnssveit. M.a. með samvinnu við Skútustaðahrepp og stofnanir á þekkingarsviði um myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit.

Skýringar:

Gert er ráð fyrir að höfuðstöðvar Þekkingarnetsins verði á komandi árum í núverandi húsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík. Áfram verður unnið eftir sömu stefnu á Húsavík, þ.e. að nýta eins og kostur er húsnæði Þekkingarnetsins til eigin starfsemi, en afla sértekna með leigu á rými til kennslu og skrifstofuvinnu eftir því sem hægt er hverju sinni.

Menntasetrið á Þórshöfn var á árinu 2015 starfrækt að Langanesvegi 1. Gert er ráð fyrir að starfa áfram í þessu húsnæði, sem hentar vel fyrir starfseminna.

Gert er ráð fyrir að endurskoða starfsstöð Þekkingarnetsins á Raufarhöfn í samráði við heimafólk. Ekki kom til þessa á árinu 2015, en verður athugað á árinu 2016. Kannað verði m.a. hvort betur færi um námsverið í grunnskólahúsnæðinu fremur en núverandi rými í „ráðhúsinu“ á Raufarhöfn.

Á Kópaskeri verður starfsstöð Þekkingarnetsins áfram í skólalúsinu á staðnum. Á árinu 2015 er stefnt að óbreyttri aðstöðu en reyna að bæta nýtingu íbúa á aðstöðu og þjónustu.


Á Laugum í Reykjadal verður námsver fært úr núverandi húsnæði og í nýlega stofnað þekkingar-/þróunarsetur í þorpinu, Seiglu (í fyrrverandi grunnskólahúsnæði á Laugum).

Í Mývatnssveit hefur Þekkingarnetið unnið um árabíl að myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit í samstarfi við Skútustaðahrepp og fleiri aðila. Með því verði bætt aðstaða Mývetninga til náms. Áframhald verður á vinnunni á árinu 2016, en ólíklegt að húsnæði verði tilbúið fyrr en 2017.

Í Kiðagili í Bárðardal hefur Þekkingarnetið verið í samstarfi við heimafólk um námskeiðahald og rekstur fjarfundabúnaðar. Gert er ráð fyrir óbreyttu samstarfi á árinu 2016.

3.2 Starfssvæði

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri. Starfssvæði ÞP er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Það er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og



Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga.

Rauðir punktar sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði. (Kiðagil, Laugar, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn).

smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.

Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almenningsamgöngur innan svæðisins takmarkaðar. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins.

Netverk símenntunarstöðva á Íslandi

Þekkingarnet Þingeyinga er hluti af öfluglu neti svæðisbundinna símenntunarstöðva sem ná yfir allt landið. Myndin sýnir höfuðstöðvar símenntunarstöðva innan samtakanna Kvasis. Rauðir punktar merkja höfuðstöðvar og bláir aðra þjónustustaði.



Húsnæði og aðstaða

Undanfarin ár hefur meginstarfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga verið á Hafnarstétt 3 á Húsvík. Um er að ræða uppgerð gamalt timburhús við höfnina á Húsvík, alls um 400 m². Húsið hefur frá byggingarárinu 1930 hýst atvinnustarfsemi af mjög ólíku tagi, einkum í tengslum við sjávarútveg og fiskverkun. Húsið var gert upp fyrir nokkrum árum og útbúið sem skrifstofuhúsnæði. Það hentar afar vel undir starfsemi Þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir 15 starfsmenn, tvö kennslurými, fundaherbergi, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis. Þekkingarnetið framleigir hluta húsnæðisins á Húsvík til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu.



Húsnæði Þekkingarnetsins á Hafnarstétt 3 á Húsvík.

Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfssvæði sitt. Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Setrið er samstarfsverkefni Langanesbyggðar, Þekkingarnetsins og Framhaldsskólans á Laugum.

Þá á Þekkingarnetið aðild að rekstri þekkingarseturs á Laugum í Reykjadal í samstarfi við heimaaðila sem reka félagið Urðarbrunn, sem starfar m.a. við rannsóknir og fræðslu á sviði menningarminja og fornleifarannsóknna. Þá er rekin þjónusta á Kópaskeri, Raufarhöfn í Mývatnssveit og Kiðagili í Bárðardal sem lýst er nánar í töflunni fremst í þessum kafla.

Þekkingarnet Þingeyinga vinnur markvisst að eflingu starfseminnar víða um starfssvæði sitt.

4 SÍMENNTUNARSVIÐ

4.1 Símenntun: Helstu tölur


Markmið símenntunarsviðs 2015-2016	Áætlun 2015	Niðurstaða 2015	Áætlun 2016?
Fjöldi almennra námskeiða á svæði þþ	60	71	60
Fjöldi námsleiða (námsleiðir FA):	8	8	5
Fjöldi kenndra stunda:	1.700	1.881	1.600
Fjöldi kenndra nemendastunda:	19.000	20.128	17.000
Þátttakendur	750	955	850

4.2 Áherslur

Áherslur ársins 2015 voru svipaðar og á árinu 2014. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA). Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem að öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetsins. Ágætis aðsókn var í þessi námskeið sem fólk sótti sér bæði til gagns og ánægju. Þó þurfti nokkrum sinnum að taka ákvörðun um að halda afar fámenn námskeið sérstaklega í minni byggðarlögum svæðisins eins og Kópaskeri, Raufarhöfn og Mývatnssveit einfaldlega til þess að halda úti þjónustu. Þekkingarnetið lítur á það sem eitt af markmiðum sínum að halda námsvirkni í dreifðum byggðum þar sem aðrir angar menntakerfinsins ná síður.

Stuðst er við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem væri áhugavert að halda á svæðinu. Líkt og árið áður voru vinsælustu námskeiðin þau sem snéru að heilsu, líkamsrækt, matreiðslu. Nokkuð var um starfstengd námskeið, tölvu- og snjalltækjanámskeið auk þess sem íslenskunámskeiðin náðu sér vel á strik.


Skipting námskeiða



Hér má sjá skiptingu námskeiða hjá Þekkingarnetinu árið 2015. Eins og sjá má eru flest námskeiðin sem haldin eru árið 2015 tómsundanámskeið, en þar á eftir koma starfstengd námskeið eða námskeið sem efla perónulega færni.

Flestar nemendastundirnar má finna á námsleiðum FA og á starfstengdum námskeiðum.

Skipting nemendastunda eftir námskeiðum




4.3 Kynjahlutfall í símenntun


Þegar kynjahlutfall námskeiðspátttakenda er skoðað má sjá að það er með svipuðum hætti og síðustu ár. Kynjahlutfall námskeiðspátttakenda er það sama og var í fyrra þar sem karlkynspátttakendur eru 36% og kvenkynspátttakendur eru 64%. Hlutfallið á milli kynjanna er líkt því sem þekktist við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er verulega hærra en karla. Á starfssvæði Þekkingarnetsins árið 2015 voru konur duglegri en karlar að koma á stuttu námskeiðin eins og tómsundanámskeið. Karlmenn voru þó duglegri að sækja lengri námsúræði eins og nám á námsleiðum frá FA.

Alls skráðu 1009 einstaklingar sig til náms hjá Þekkingarnetinu á árinu og 955 luku námi. Brottfall (hætt við að koma á námskeið eða ljúka ekki námskeiði) hefur því verið um 5,4%. Brottfall úr námi eða af námskeiðum var aðeins meira hjá konum en körlum árið 2015. Brottfall hjá konum er 6% en hjá körlum 3,6%.


Kynjahlutfall í símenntun (í heild)



Kynjahlutfall á námsleiðum FA



Kynjahlutföll á almennum námskeiðum



4.4 Námsleiðir FA

Á árinu 2015 voru kenndar 8 námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Að þessu sinni voru umtalsvert fleiri karlmenn sem stunduðu nám á námsleiðum Þekkingarnetsins sem er afar ánægjulegt en þeir hafa yfirleitt verið töluvert færri en konur á námsleiðunum.

Á vormisseri var kennd ein námsleið:

- ❖ Skrifstofuskólinn hófst síðla haust 2014 og kláraðist í apríl 2015. Alls luku 12 manns því námi. Námið var kennt í staðarnámi á Húsavík, en einn nemandi sótti námið í gegnum fjarfundabúnað frá Laugum í Þingeyjarsveit.

Á haustmisseri voru kenndar 7 námsleiðir:

- ❖ Menntastoðir er 660 kennslustunda námsleið sem kennd er í samstarfi með Austurbrú. Námið er fjarkennt og koma nemendur frá norður- og austurhluta landsins. Námið hófst í september 2015 og voru nemendur þá 20 talsins. Um áramótin var fjöldi nemenda komin niður í 16. Menntastoðunum lýkur í maí 2016.
- ❖ Fagnám III fyrir starfsfólk í heilbrigðis og félagsþjónustu hófst í október 2015 og er fjarkennt til Þórshafnar. Kennslan fer fram í gegnum fjarfundabúnað ásamt lotukennslu sem fer fram á Þórshöfn. Kennslan fer auk þess fram inn á vinnustað í samvinnu við forstöðumann. Alls hófu 10 nemendur nám í námsleiðinni sem lýkur í lok mars 2016.
- ❖ Skrifstofuskólinn hófst í október 2015 og að þessu sinni var hann fjarkenndur. Fengin var undanþága frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til þess að fara af stað með 7 nemendur í stað 10. Námið stendur ennþá yfir og lýkur í mars 2016.
- ❖ Grunnnám í fiskvinnslu á Þórshöfn. Námsleiðin var kennd í nóvember og alls luku 18 nemendur námsleiðinni.
- ❖ Grunnnám í fiskvinnslu á Raufarhöfn. Þar voru kenndar tvær námsleiðir í desember og fyrstu dagana í janúar. Alls luku 26 nemendur námsleiðunum.
- ❖ Grunnnám í fiskvinnslu á Húsavík var kennd í desember og fyrstu dagana í janúar. Alls luku 13 nemendur námsleiðinni.

4.5 Önnur námskeið


Alls voru auglýst 97 námskeið á vegum Þekkingarnetsins og þá eru ótalin námskeið sem Þekkingarnetið hafði milligöngu um eins og námskeið Endurmenntunar Háskóla Íslands, Símenntunar Háskólans á Akureyri, Framvegis, Starfsmenntar og Neytendastofu. Af þeim 97 námskeiðum sem voru auglýst voru 71 haldin og 26 aflýst. Námskeiðum er aflýst þegar lágmarkspátttaka næst ekki. Oftast miðast hún við 6-10 þátttakendur, en það er aðeins breytilegt eftir því hvar námskeiðin eru auglýst. Viðmið um lágmarkspátttöku eru almennt lægri í fámennari byggðum á starfssvæði Þekkingarnetsins.

4.6 Aldur námskeiðspáttakenda


námskeiðspáttakenda er dreifður en langflestir voru 30 ára eða eldri. Nemendur á námsleiðum frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins voru flestir á aldrinum 21-25 ára en nemendur á stökum námskeiðum voru flestir á aldrinum 36-40 ára en aldurshópurinn 61 árs og eldri fylgdi fast á eftir og hefur verið fjölmennur síðustu ár.

Betur má sjá aldurskiptingu námsleiða og námskeiða á töflunum hér fyrir neðan.

Aldurskipting á námsleiðum



Aldurskipting á námskeiðum



4.7 Þróunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur verið virkt í slíku samstarfi á símenntunarsviði.

Á háskólanáms- og rannsóknasviðum er samstarf töluvert við önnur setur og stofnanir á þeim sviðum. Starfsemi stofnana á rannsókn- og háskólanámssviði er þó með nokkuð ólíkum hætti um landið og hefur ekki verið myndaður formlegur vettvangur líkt og Kvasir stendur fyrir á símenntunarsviði. Þó er töluvert faglegt samráð á milli rannsóknastofnana og þekkingarsetra.

Þekkingarnetið hefur frá árinu 2012 verið með vottað gæðakerfi á símenntunarsviði, þ.e. EQM-gæðakerfið (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur utan um. Í kjölfar þeirrar vottunar fékk stofnunin sama ár viðurkenningu sem fræðsluaðili samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þessi viðurkenning ráðuneytisins var endurnýjuð á árinu 2015.



5 NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT

5.1 Ráðgjöf: Helstu tölur

Fjöldamarkmið í náms- og starfsráðgjöf	2015	Áætlun	Niðurstaða
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:		400	323

Frá árinu 2006 hefur náms- og starfsráðgjöf verið í boði hjá Þekkingarneti Þingeyinga, nú síðustu ár undir stjórn Erlu Daggar Ásgeirsdóttur, náms- og starfsráðgjafa. Fyrsta árið voru viðtölin rétt undir hundrað og hefur þeim farið fjölgandi síðan þá. Fjöldi viðtala náði þó hámarki í miðju efnahagshruninu eða á árunum 2008-2012 en þá bættust fleiri atvinnuleiteindur í markhópinn, m.a. eftir samstarf við Vinnumálastofnun.

Síðastliðin ár hefur dregið úr atvinnuleysi á svæðinu og er það orðið svipað og fyrir efnahagshrunið. Þar af leiðandi hefur dregið úr viðtölum í hópi atvinnuleitenda. Nýir hópar eru hins vegar að koma inn á okkar svæði sem tilheyra markhópnum í kjölfar uppbyggingarinnar á Bakka og Þeistareykjarsvæðinu. Þannig að bjartir tímar eru framundan í ráðgjöfinni hjá Þekkingarnetinu, svo fremi sem fjármunir fást til verkefnisins.

Árið 2015 voru náms- og starfsráðgjafaviðtölin 323 talsins. Það er undir áætlun, sem var gerð áður en fyrir lá niðurskurður fjármuna frá Fræðslusjóði. Viðtalsfjöldi árið 2015 er þó langt umfram þá samninga sem Þekkingarnetið hefur gert við Fræðslusjóð. Svo hefur verið frá upphafi, enda eftirspurn í ráðgjöf verið langt umfram það framboð sem fjármunir leyfa.

5.2 Kynningar á vinnustöðum

Kynningar á vinnustöðum er ein af þeim leiðum sem notaðar hafa verið til að ná til einstaklinga á vinnumarkaði. Yfirleitt eru kynningarnar með formlegu sniði, það er að segja kynning inn í fyrirtækjunum sjálfum þar sem ráðgjafi kemur og kynnir starf sitt og þjónustu. Þá er byrjað á því að hafa samband við framkvæmdastjóra eða aðra stjórnendur fyrirtækja. Síðastliðið ár hefur verið notuð sú leið að hringja beint í framkvæmdarstjóra eða aðra stjórnendur fyrirtækja í stað þess að senda út kynningarbréf eins og áður var gert. Það hefur gengið betur með þessum hætti og aukið viðveru stjórnenda á kynningunum sjálfum. Algengara er að þeir starfsmenn sem sitja kynningarnar panti sér tíma hjá ráðgjafa á skrifstofu Þekkingarnetsins fremur en að þiggja viðtal á vinnustað. Þetta á þó sérstaklega við um þá sem sækja kynningar á Húsavík eða nágrenni, en annarsstaðar er boðið upp á viðtal á vinnustað.

Þegar byrjað var að auglýsa námsleiðirnar sem kenndar voru árið 2015 var haft samband við fyrirtæki og stofnanir sem tengdust að einhverju leiti efni og innihaldi námsleiðanna og haldnar voru kynningar þar. Þetta fyrirkomulag skilaði misjöfnum árangri en þeir einstaklingar sem komu í viðtal til ráðgjafa enduðu margir hverjir sem nemendur inn á námsleið hjá Þekkingarnetinu.

Á árinu 2015 hélt námsráðgjafi 12 kynningar á vinnustöðum. Á kynningarnar komu 141 einstaklingar, 72 einstaklingar komu í einstaklingsviðtal hjá ráðgjafa að lokinni kynningu. Það er talsverð aukning

frá síðustu árum, en það kemur til vegna verkefna sem komið hafa á borð ráðgjafa sem snýr að þarfagreiningu á menntunarbörfum innan stofnanna og fyrirtækja á svæðinu.

5.3 kynningar fyrir atvinnuleitendur

Kynningar fyrir atvinnuleitendur voru fáar líkt og síðustu ár. Ástæðan er sú að atvinnuástandið á svæðinu hefur verið mjög gott og ráðgjafar Vinnumálastofnunar hafa sjálfir sinnt sínu fólki. Við höfum hins vegar haldið áfram að senda upplýsingar um ráðgjöfina, líkt og síðustu ár, til Vinnumálastofnunar á svæðinu ásamt upplýsingum um námsleiðir og önnur námsúrræði. Einungis 2 kynningar voru haldnar fyrir atvinnuleitendur árið 2015. Á þær kynningar komu 33 íslendingar og 18 útlendingar einstaklingar. Rétt tæplega helmingur þessara einstaklinga komu á námskeið í kjölfarið.

5.4 Kynning á náms- og starfsráðgjöf ásamt kynningu á námsleiðum FA

Líkt og síðustu ár hefur verið haldin kynning á náms- og starfsráðgjöfinni þegar námsleiðir hafa verið kynntar. Sú leið hefur hingað til verið áhrifarík og skilað okkur einstaklingum í viðtöl og einnig inn á námsleiðir. Sú vinna er í öllum tilfellum samvinnuverkefni Þekkingarnetsins og stjórnanda viðkomandi vinnustaðar. Ferlið er í raun svipað því þegar um hina hefðbundnu kynningu á vinnustöðum er að ræða, nema að kynning á námsleið FA fer fram í kjölfar kynningar á náms- og starfsráðgjöf. Árið 2015 var náms- og starfsráðgjöfin kynnt inn á flestum námsleiðum sem haldnar voru hjá Þekkingarnetinu.

5.5 Ráðgjöf fyrir einstaklinga sem koma að sjáfsdáðum

Síðustu ár hefur það aukist að einstaklingar leita sjálfir eftir ráðgjöf af mismunandi ástæðum. Í flestum tilfellum hafa einstaklingar heyrt af þessari þjónustu í gegnum aðra sem hafa sótt sér ráðgjöf og hafa fengið aðstoð við hæfi, en einnig hafa þeir séð ráðgjöfina auglýsta í námsvísi Þekkingarnetsins eða annarsstaðar. Þetta er mjög ánægjuleg þróun og með henni má sjá að verkefnið er að skila sér út í samfélagið og þeir einstaklingar sem af ráðgjöfinni vita eru að nýta sér hana og eru að láta aðra vita af henni. Fyrir utan þær kynningar sem nefndar hafa verið hér að framan hefur ekki verið bryddað upp á neinum nýjungum í kynningu á ráðgjöfinni. Enda hefur ekki verið ástæða til þar sem aðsókn í ráðgjöfina hefur verið góð.

5.6 Ráðgjöf fyrir einstaklinga í atvinnuleit

Ráðgjöf við atvinnuleitendur á svæðinu fer minnkandi ár frá ári. Þetta skýrist af bættu atvinnuástandi á svæðinu. Lítið hefur reynt á það samstarf sem hefur verið að mótast síðustu árin með Vinnumálastofnun á starfssvæði Þekkingarnetsins og lítið sem ekkert verið leitað til okkar varðandi ráðgjöf. Þekkingarnetið hefur þó áfram sent upplýsingar um nám og námsúrræði til Vinnumálastofnunar sem og upplýsingar um ráðgjöfina og einhverjir hafa nýtt sér þjónustu okkar eftir að hafa verið vísað af þjónustufulltrúa hér á Húsavík. Í upphafi árs 2015 var óskað eftir ráðgjafa frá Þekkingarnetingu þar sem stórum vinnustað var lokað í lok árs 2014. Sú vinna með Vinnumálastofnun gekk mjög vel og lauk í mars byrjun, en þá voru flestir komir aftur í vinnu.


Atvinnuleitendur á starfssvæðinu hafa alltaf aðgang að ráðgjafa og geta þantað sér viðtal eftir þörfum.

5.7 Nokkrar tölur sem sýna ráðgjöfina árið 2015

Heildarfjöldi viðtala árið 2015 var 323. Af þeim voru 224 einstaklingar sem komu í fyrsta viðtal og 99 einstaklingar sem komu í endurkomuviðtöl. Þeir sem komu af eigin frumkvæði voru 190 talsins, 43 komu í viðtal eftir boðun frá VMST, 73 eftir að hafa fenguð kynningu á ráðgjöfinni og 17 komu vegna skimunar í raunfærnimat.


Helmingur viðtala eru hefðbundin, það er að segja fara fram á skrifstofu Þekkingarnetsins eða á starfsstöðum þess. Hvatningarviðtöl eru tekin á Húsavík og Þórshöfn. Hópráðgjöf er algeng eftir kynningar fyrir hópa eða inn í fyrirtækjum og yfirleitt koma einhverjir einstaklingar í hefðbundna ráðgjöf eftir slíka kynningu.

Kynjahlutfall í ráðgjöf 2015




■ Karlar í ráðgjöf ■ Konur í ráðgjöf

Ástæða viðtala 2015



■ Að eigin frumkvæði
 ■ Eftir boðun frá VMST
 ■ Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun
 ■ Skimun í raunfærnimat

Tegund viðtala árið 2015



■ Hefðbundið viðtöl
 ■ Hópráðgjöf
 ■ Hvatningarviðtöl
 ■ Rafræn- eða símaviðtöl
 ■ Viðtal vegna færnimöppugerðar/raunfærnimat

6 HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

6.1 Háskólaþjónusta: Helstu markmið

	Markmið 2015	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2016?
Námsver - þjónusta og aðstaða	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.	Já	Rekstur eins. Sólarhringsaðgangur, tækniástoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl.	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.
	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn rekin með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur en lögð verði aukin áhersla á að veita háskólanemum sem ekki nýta fjarfundabúnaði vinnuáðstöðu.	Já	Sólarhringsaðgangur, tækniástoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl. Mönnun eins. Sérstök áhersla var lögð á að þjónusta háskólanema með aðstöðusköpun og ráðgjöf.	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn rekin með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur
	Halda áfram vinnu um myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit með Skútustaðahreppi og stofnunum sem starfa á þekkingarsviði í Mývatnssveit.	Já	Styrkur fékkst til að vinna þróunarverkefni um myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit. ÞÞ ritstýrir skýrslu sem stefnt er að því að komi út árið 2016.	Halda áfram vinnu um myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit með Skútustaðahreppi og stofnunum sem starfa á þekkingarsviði í Mývatnssveit.
	Þjónusta og staðsetning námsvers á Raufarhöfn verði endurskoðuð í samráði við heimafólk.	Nei	Ekki var námsver ÞÞ á Raufarhöfn fært á árinu 2015	Þjónusta og staðsetning námsvers á Raufarhöfn verði endurskoðuð í samráði við heimafólk.
	Áfram verði samstarfsverkefnið „Menntasetrið á Þórshöfn“ rekið í nánú samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.	Já	Menntasetrið var rekið í samvinnu við FL. Unnið var að færslu námsvers ÞÞ á Laugum. Námsveri lokað haustið 2015 og stefnt að opnun á nýjum stað 2016.	Breyting verði gerð á rekstri námsvers á Laugum í Reykjadal og stefnt að samstarfi við nýtt þekkingarsetur, “Seiglu”, á Laugum. Aðstaða bætt fyrir námsmenn.
Námsráðgjöf	Námsráðgjöf og námsaðstaða í námsverum verði kynnt sérstaklega útskrifarnemum framhaldsskóla héraðsins og háskólanemum	Já	Námsráðgjöf og námsaðstaða ÞÞ var kynnt útskrifarnemum FSH sérstaklega.	Upplýsa námsfólk úr öllu héraðinu um námsaðstöðu og -þjónustu fyrir háskólanema.
Fjarpróf	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu á öllum 7 þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla.	Já	Fjarprófaþjónusta var í boði fyrir skóla á öllum 7 þjónustustöðum ÞÞ.	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla.
Háskólanám	ÞÞ taki áfram virkan þátt í samstarfi setra/miðstöðva sem sinna háskólaþjónustu um landið.	Já	ÞÞ hafði áfram frumkvæði að samráði setra/ miðstöðva sem sinna háskólaþjónustu. Ekki hefur þó verið stofnað félag eða samráðsvettvangur ennþá.	ÞÞ taki áfram virkan þátt í samstarfi setra/miðstöðva sem sinna háskólaþjónustu um landið.

Fjarfundabúnaðir	Virku neti fjarfundabúnaða á öllum tengipunktum ÞÞ verði viðhaldið á árinu.	Já	Fjarfundabúnuðum og tengingum var haldið úti á árinu. Gert er ráð fyrir að færa smám saman yfir í veflægar lausnir í stað núverandi tækja.	<i>Virku neti fjarfundabúnaða á öllum tengipunktum ÞÞ verði viðhaldið á árinu. Fylgst verði með nýjum leiðum í fjarfundatækni og endurnýjað m.t.t. þeirra lausna sem notaðar verða í kennslu</i>
------------------	---	----	--	--

6.2 Námsver og þjónusta


ekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla, á starfssvæði sínu. Þannig er vinnuaðstaða háskólanema orðin meðal sjálfsagðra innviða hins íslenska skólakerfis, þar sem allir háskólar og fjarnámsskólar aðrir samnýta aðstöðuna fyrir sitt fólk. Á árinu 2015 bauð Þekkingarnetið vinnuaðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og Laugum. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og í Kiðagili er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófahalds og fjarfunda og vinnuaðstaða með samkomulagi hverju sinni. Þekkingarnetið vann áfram að auknu samstarfi aðila sem sinna þekkingarstarfsemi í Mývatnssveit með það í huga að koma þessum aðilum saman um rekstur þekkingarseturs undir einu þaki. Það er álit Þekkingarnetsins að slíkt samstarf sé forsenda þess að lifandi námsver og góð þjónusta komist á legg þar.

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag. Námsverið í Þekkingarsetrinu á Húsavík er mikið notað af háskólanemum. Bæði er regluleg notkun á dagvinnutíma þar sem fjarnemar stunda sitt nám, bæði með fjarfundasókn og netkeyrðu námi, og eins er nokkuð um nýtingu lesaðstöðu um kvöld og helgar. Undanfarin misseri hefur einnig borið meira á því að yngri háskólanemar komi til dvalar um nokkurra vikna skeið í foreldrahúsum og nýti aðstöðu námsveranna til vinnu. Þetta er helst í kringum prófatímabilin í nóvember/desember og apríl/maí ár hvert og hefur þessi þróun valdið jákvæðni í samfélaginu, þar sem ávinningur er margþættur af því að auka dvalartíma ungs námsfólks í sinni heimabyggð.

6.3 Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Alls voru tekin **299 fjarpróf á 5 stöðum** í héraðinu frá alls **10 skólum** á vegum Þekkingarnetsins árið 2015.

Þekkingarnetið vinnur eftir eigin prófreglum sem stofnunin hefur sett sér og birt og heimasíðu sinni: <http://www.hac.is/haskolanam/profreglur/>. Þessar reglur eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófabjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum Þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarfsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófhald í boði á sex stöðum í héraðinu.



7 RANNSÓKNASVIÐ

7.1 Rannsóknir: Helstu markmið

	Markmið 2015	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2016
Starfsmannahald	Unnið verði að áfram í teymisvinnu á rannsóknarviði. Áhersla lögð á frumkvæði starfsmanna/teymisins við verkefnaöflun.	Já	Vel tókst til að nýta mannafla í teymisvinnu þar sem starfsmenn sinntu bæði símenntunar- og rannsóknarviði. Nokkur sérverkefni voru fjármögðuð utan frá á árinu.	Efla teymisvinnu enn frekar. Yfirfara gæðastefnu og verkferla á rannsóknarviði, bæði gagnvart föstum starfsmönnum og sumarsstarfsfólki.
Rannsóknaverkefni háskólanema	Staðið verði fyrir a.m.k. fjórum tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.	Já	Enginn styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði násmanna. Þó náðist að fjármagna með öðrum hætti 4 verkefni sem unnin voru af 3 háskólanemum.	Staðið verði fyrir a.m.k. fjórum tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.
Innlend rannsóknar- /ráðgjafarverkefni	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Sérstök áhersla verði lögð á að ná samstarfi um verkefnavinnu við orku- og iðnfyrirtæki sem hugsanlega munu hefja/auka starfsemi sína á árinu.	Já	Samingur við Landsvirkjun var gerður um vinnu við Sjálfbærni-verkefni. Samningur til eins árs. Styrkur fékkst hjá Bygðarannsóknarsjóði til að vinna að verkefninu "Bygðir og breytingar". Einnig voru nokkur minni verkefni innan héraðs voru leyst af hendi.	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Sérstök áhersla verði lögð á að ná samstarfi um verkefnavinnu við orku- og iðnfyrirtæki sem hugsanlega munu hefja/auka starfsemi sína á árinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar.
Erlend rannsóknaverkefni	Umsókn skilað í Evrópusjóð fyrir samstarfsverkefni ÞÞ með HA og þremur erlendum aðilum. Vinna hefst við verkefnið ef fjármagn næst. Áframhaldandi vinna við að leita samstarfsaðila fyrir NPA verkefni.	Já	Umsókn var skilað og var samþykkt. Vegna höfundarréttarmála var ákveðið að fela Nýsköpunarmiðstöð Íslands að stýra verkefninu og ÞÞ verður samstarfsaðili. ÞÞ var samstarfsaðili í Erasmus+ umsókn um erlent samstarfsverkefni með Nýmheimum þekkingarsetri á Höfn og erlendum aðilum.	Unnið með Nýsköpunarmiðstöð Íslands að framhaldi Cristal verkefnis. Endurskipulagning verkefnisstjórnar. Starfsfólk rannsóknarsviðs leitar leiða til efla þátttöku í samstarfsverkefnum.

Samstarfsverkefni í héraðinu	<p>ÞÞ verði leiðandi afl í samstarfi stofnana á sviði fræðslu og rannsókna í héraðinu.</p> <p>Kannaðir verði kostir á auknu samstarfi stofnana til faglegrar og fjárhagslegrar samlegðar.</p>	Já	<p>ÞÞ leiðir samstarf stofnana innan veggja á Hafnarstétt 3 og einnig samstarf við Framhaldsskólann á Laugum í Menntasetrinu á Þórshöfn.</p> <p>Þann 1. janúar hófst formlegt samstarf ÞÞ og sveitarfélagsins Langanesbyggðar um 30% starfshlutfall starfsmanns ÞÞ á Þórshöfn. Samstarfið tókst vel, sjá stutta greinargerð í samantekt um útselda vinnu.</p>	<p>ÞÞ verði leiðandi afl í samstarfi stofnana á sviði fræðslu og rannsókna í héraðinu.</p> <p>Kannaðir verði kostir á auknu samstarfi stofnana til faglegrar og fjárhagslegrar samlegðar.</p>
Upplýsingasöfnun í héraðinu	<p>Árlegri útgáfu á grunn-upplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞÞ verði haldið áfram. Útgáfan verði endurskoðuð m.t.t. bættrar framsetningar og/eða ítarlegri úrvinnslu.</p>	Já	<p>Íbúaþróunarskýrsla gefin út rafrænt í mars 2015 þar sem farið var ítarlega í mannfjöldapróun síðustu ára í Þingeyjarsýslum. Framsetning endurskoðuð og breytt.</p>	<p>Árlegri útgáfu á grunn-upplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞÞ verði haldið áfram.</p>
Kynningarmál	<p>Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstæðna úr rannsóknum ÞÞ, bæði innan héraðs og utan, m.a. með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum.</p>	Já	<p>Niðurstöður úr rannsókna á þjónustókn og samfélagsþáttum kynnt heima í héraði en einnig á Þjóðarspeglinum í HÍ. Þær niðurstöður voru einnig birtar í staðarfjölmiðlum.</p>	<p>Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstæðna úr rannsóknum ÞÞ, bæði innan héraðs og utan, m.a. með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum.</p>

7.2 Rannsóknastarfsemin

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- *Rannsóknþjónusta*; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf, aðstoða fyrir rannsakendur á svæðinu.
- *Eigin rannsóknarverkefni* Þekkingarnetsins.
- *Útseld rannsókna- og ráðgjafarvinna* starfsfólks Þekkingarnetsins.
- *Rannsóknaverkefni* sem unnin eru í samstarfi við háskólanema.
- *Ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni* í samstarfi við aðra stofnanir.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við menntamálaráðuneytið að þjónusta vísinda- og fræðastarf í Þingeyjarsýslum. Þannig er lögð áhersla á að hýsa rannsakendur og aðstoða þá sem sinna rannsóknum í Þingeyjarsýslum með margvíslegum hætti. Slík þjónusta er veitt með aðgangi að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf.

Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólki rannsóknastofnana,
- rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,
- námsfólki í rannsóknaverkefnum,
- sjálfstæðum rannsakendum (Íslenskum og erlendum).

Eigin verkefni Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið hefur samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti og skipulagsskrá ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókna- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi í héraðinu með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum.

Árið 2015 voru niðurstöður úr rannsókn á þjónustusókn og samfélagsábyrgð kynntar bæði heima í héraði en einnig var ritrýnd grein birt í félagsvísindaritinu Þjóðarspekillinn, ásamt því að vera kynnt sem erindi á samnefndri ráðstefnu. Í mars fékkst styrkur úr Byggðarannsóknarsjóði um verkefnið Byggðir og breytingar, þar sem Húsavík er tekið sem raundæmi um samfélag sem upplifir mikla breytingu í atvinnuþáttum, þar sem öxulþungi atvinnuvega breyttist mikið á 20 árum.

Útseld rannsókna- og ráðgjafavinna

Sala á sérfræðivinnu var nokkuð mikil á árinu og þá mest í Sjálfbærni- og atvinnuverkefni á vegum Landsvirkjunar sem er umfangsmikið. Þá voru einnig smærri verkefni unnin s.s. samantekt á upplýsingum í árbók Þingeyinga. Þá hófst einnig vinna við undirbúning jarðskjálftaráðstefnu sem haldin verður á Húsavík í byrjun júní 2016, en ÞP sér um skráningar, umsýslu og kynningu á ráðstefnunni í samstarfi við undirbúningsnefnd. Þá var starfsmaður ÞP á Þórshöfn í þónokkrum verkefnum á vegum Langanesbyggðar vegna samstarfssamnings sem tók gildi 1. janúar. Þar var unnið að uppfærslu upplýsinga á heimasíðu, í auglýsinga- og ferðaþjónustubæklinga, samskipti við ferðaþjónstuaðila en einnig var sótt um styrki til bæði menningar- og atvinnuverkefna sem bar góðan árangur. Samstarfið þótti takast vel og í ársbyrjun 2016 ákvað sveitarstjórn LNB að endurnýja samninginn en í fundargerð er tekið fram að ánægja sé með samstarfið og það starf sem hafi verið unnið á árinu 2015.

Rannsóknaverkefni háskólanema

Sumarið 2015 var unnið að fjórum rannsóknaverkefnum háskólanema. Enginn styrkur fékkst frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, en tveir styrkir fengust frá Vinnumálastofnun til að ráða nema. Þrír nemendur voru starfandi á vegum ÞP í fjórum verkefnum.

7.3 Yfirlit verkefna á rannsóknasviði 2015

	Verkefni	Gerð verkefnis	Samstarf	Framkvæmd	Tími
Eigin verkefni	Byggðir og breytingar	Viðtöl og viðtalsgreining, gagnaöflun og upplýsingavinna.	Kjartan Ólafsson hjá RHA	GBJ Birna Ásgeirsdóttir	2015
	Mannfjöldaþróun á starfssvæðinu	Rannsóknar-/þróunarverkefni	Eigið verkefni	GBJ	2015
Útseld vinna og ráðgjöf	Söguhlóð um Þórshöfn, Spilað fyrir hafið ofl. verkefni	Skipulag, gagnaöflun og framkvæmd í útseldri vinnu.	Langanesbyggð	GBJ	2015
	Upplýsingaöflun og ritunarvinna vegna Árbókar Þingeyinga	Útsala/ráðgjöf	Norðurþing	GBJ	2015
	Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar	Útsala/ráðgjöf	Landsvirkjun	HEI - ÓH - GBJ	2015
Háskólanemaverkefni	Byggðir og breytingar	Verkefni háskólanema	Vinnumálastofnun	Birna Ásgeirsdóttir	2015
	Útgjöld ferðamanna á Húsavík	Verkefni háskólanema	Vinnumálastofnun	Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir	2015
	Skóli án aðgreiningar	Verkefni háskólanema	Borgarhólsskóli / MA rannsóknaverkefni höfundar	Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir	2015
	Saga íþróttafélagsins Völsungs	Verkefni háskólanema	Völsungur íþróttafélag	Guðmundur Friðbjarnarson	2015

8 ÚTGÁFA OG KYNNING

8.1 Útgefið efni

Þekkingarnetið gaf út eftirfarandi skýrslur/greinargerðir/rit/námsefni á árinu 2015. Efnið er aðgengilegt á vef Þekkingarnetsins <http://www.hac.is/utgefid-efni/>

- Mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum 2015. Árleg samantekt af mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum og við Bakkaflóa. Höfundur: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
- Þjónustusókn og samfélagsábyrgð í dreifbýli. Niðurstöður úr samfélagsrannsókn sem framkvæmd var á árinu 2014. Höfundar: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Berglind Jóna Þorláksdóttir og Óli Halldórsson. Efni skýrslu fjallar um það var íbúar á Norðausturhorni landsins sækja helstu þjónustu s.s. matvöruverslun, einnig þá ábyrgð sem þeir bera í samfélaginu.
- Ársskýrsla 2014 og Starfsáætlun 2015 - Efni skýrslu: Ársskýrsla Þekkingarnets Þingeyinga 2014 og starfsáætlun fyrir 2015. Gefin út árlega. Unnið af Óla Halldórssyni.
- Tourism data collection. An analysis at subnational level in Iceland. Lilja Rögnvaldsdóttir, LB. (2015). Í: Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XVI*, Viðskipta- og Hagfræðideild. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan. [Þekkingarnetið er samstarfsaðili í þessari rannsókn]

8.2 Framsögur og fyrirlestrar

Á árinu 2015 stóð Þekkingarnetið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

- Blönduós, febrúar 2015. Framsaga um stöðu, hlutverk og verkaskiptingu þekkingarsetra á Íslandi. Ársfundur þekkingarsetra í rannsóknastarfi. Óli Halldórsson.
- Þórshöfn, febrúar 2015. Framsaga um þróun og stöðu ferðapjónustu. Fundur á vegum Þekkingarnets Þingeyinga um ferðapjónustumál í Þórsvæði á Þórshöfn 2. febrúar 2015. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir.
- Húsavík, febrúar 2015. Framsaga um þróun og tölfræði ferðapjónustu á Húsavík. Fundur á vegum Húsavíkurstofu og Þekkingarnets Þingeyinga um ferðamál í Hvalasafninu á Húsavík 4. febrúar 2015. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir.
- Húsavík, apríl 2015. Framsaga um þekkingarsetur og hlutverk þeirra. Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Óli Halldórsson
- Húsavík, mars 2015. Framsaga um fullorðinsfræðslu á starfssvæði ÞB fyrir stjórn Landsmenntar. Óli Halldórsson.

- Húsavík, ágúst 2015. Framsaga um fyrirkomulag símenntunar á Íslandi fyrir hóp starfsmanna í símenntun í Norður-Svíþjóð. Óli Halldórsson.
- Húsavík, september 2015. Framsaga á haustfundi náms- og starfsráðgjafa. Erla Dögg Ásgeirsdóttir, Óli Halldórsson, Helena Eydís Ingólfssdóttir.
- Peistareykir, september 2015. Framsaga fyrir fyrirtæki og starfsmenn um fræðslumál. Hilmar Valur Gunnarsson.
- Húsavík, september 2015. Kynning á Evrópuverkefni ÞÞ, “CRISTAL” fyrir hóp erlendra og innlendra samstarfsaðila. Óli Halldórsson.
- Húsavík, október 2015. Framsaga fyrir hóp frá háskólanum í Tromsø í Noregi. Um þekkingarstarfsemi í byggðum landsins og starfsemi ÞÞ. Óli Halldórsson.
- Reykjavík, október 2015. Framboð gagna í ferðaþjónustu. Hvað vitum við að við vitum ekki? Örráðstefna um stöðu rannsókna á íslenskri ferðaþjónustu. Háskóli Íslands, 29. október 2015. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir.
- Reykjavík, október 2015. Þjónustusókn og samfélagsábyrgð í dreifbýli. Framsaga á ráðstefnunni Þjóðarspekillinn. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.
- Reykjavík, október 2015. Svæðisbundin gagnaöflun í ferðaþjónustu. Þjóðarspekillinn XVI. Ráðstefna í félagsvísindum, Háskóla Íslands, 30. október 2015. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir.

Starfsfólk Þekkingarnetsins hélt fleiri framsögur og kynningar í héraði í tengslum við störf stofnunarinnar sem ekki eru tilgreindar hér, t.a.m. inni á vinnustöðum og í tengslum við almenna kynningu verkefna og þjónustu stofnunarinnar.

9 STARFSEMI 2015 Í MYNDUM



Úr daglegri starfsemi Þekkingarnetsins. Frá vinstri: “Tækninörda-námskeið”, íslenskunámskeið fyrir útlendinga, Húsvíkurheimsókn Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra.



Halldóra Kristín, fv. sumarstarfsmaður ÞP, vorið 2015 þar sem hún sýndi afrakstur verkefnisins síns með ljósmyndum og texta.



Systurnar Birna, Erla Dögg og Kiddý Hörn, en sumarið 2015 voru þær allar samtímis í starfi hjá Þekkingarneti Þingeyinga.



Háskólaneminn Hilmar Kárasón situr við lestur í námsveri Þekkingarnetsins. Fjöldi námsmanna sem búsettir eru á svæðinu nýta sér aðstöðuna.



Vinnufundur alþjóðlegs hóps jarðvísindamanna á Húsvík sumarið 2015.

Þekkingarsetrið Starfsemi



á Húsavík

árið 2015



Þekkingarnet
Pingeyinga

Miðstöð símenntunar,
háskólanáms- og rannsóknar.

Heilsársstarfsfólk ÞÞ:

•Óli Halldórsson

MA umhverfisfræði, BA heimsspeki, framh. sk. kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Erla Dögg Ásgeirsdóttir

BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgjöf, M.A. nemi
náms- og starfsráðgjöf.

Verkefni: Verkefnastjóri á símenntunarsviði
Náms- og starfsráðgjafi



•Gréta Bergún Jóhannesdóttir

MA kynjafræði, BA fjölmíðlafræði, framh. sk. kennari

Verkefni: Verkefnastjóri í
Menntasetrinu Þórshöfn



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri/skólaritari frá VÍ

Verkefni: Skrifstofustjóri, afgreiðsla,
skrifstofustörf, húsumsjón.



•Heiðrún Óladóttir

BEd kennari

Verkefni: Verkefnastjóri í
Menntasetrinu á Þórshöfn.



•Helena Eydís Ingólfssdóttir

BEd kennari, MPA nemi í opinberni stjórnsýslu

Verkefni: Svíðstjóri á símenntunarsviði
(í fæðingarorlofi 2013)



•Hilmar Valur Gunnarsson

BA í félagsráðgjöf

Verkefni: Verkefnastjóri á símenntunarsviði



•Dagbjört Erla Gunnarsdóttir

MA uppeldisfræði, BEd kennslufræði

Verkefni: Húsumsjón og ræstingar



Sumarstarfsfólk ÞÞ við rannsóknir

•Þóra Björg Andrésdóttir

Nemi við HÍ

Verkefni: Hlaupið um heimskautsbaug



•Guðmundur Friðbjarnarson

Nemi við HÍ

Verkefni: Saga ípróttafélagsins Völsungs



•Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir

Nemi við HA

Verkefni: Útgjöld ferðamanna á Húsavík.
Skóli án aðgreiningar.



Náttúrustofa
Norðausturlands

Rannsóknastofnun á
sviði náttúrufræða.

•Þorkell Lindberg Þórarinnsson

MS/BS líffræðingur

Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

BS líffræðingur

Verkefni: Sérfræðingur
Rannsóknastofa, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

MS líffræðingur, kennari

Verkefni: Sérfræðingur
Rannsóknir, fræðsla



•Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

MS Umhverfisstjórnun, BS líffræðingur,

Verkefni: Sérfræðingur.
Náttúruvernd og umhverfismál



•Yann Kolbeinsson

BS líffræðingur, MS nemi

Verkefni: Sérfræðingur.
Fuglarannsóknir og -vöktun



Háskóli Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík á sviði
sjávarspendýrafræða.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

•Marianne H. Rasmussen

PhD sjávarspendýralíffræði, cand.sc. líffræði

Verkefni: Forstöðumaður í fullu starfi



•Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

MS í viðskiptafræði

Verkefni: Sérfræðingur. Rannsóknir á efnahags-
legum áhrifum ferðaþjónustu



•Huld Hafliðadóttir

Verkefni:

Verkefnastjóri. Kynning, útgáfa, sam-
skipti við rannsakendur og stofnanir



Auk starfsfólks Háskóla Íslands sem greint er frá að ofan starfa ár hvert
íslenskir eða erlendir námsmenn við rannsóknir í tímabundnum störfum.



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

•Þorkell Björnsson

Mjólkurfræðingur

Staða: Heilbrigðisfulltrúi í Þingeyjarsýslum



Ríkisútvarpið

•Guðrún Dís Emilsdóttir

Staða: Útvarps-/sjónvarpskona



Vinnuástaða Ríkisútvarpsins

Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi námsfólks í símenntun og háskólafrámenningu innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanir sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmti tíma.